

Náttúrufræði og umhverfismennt 1. bekkur

Markmiðið er að nemendur geti tjáð hugsanir, tilfinningar og skoðanir sínar á munnlegan hátt. Þeir eiga að geta flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og tekið þátt í samræðum. Nemendur hafi skapandi og gagnrýna hugsun og sýni frumkvæði. Nemendur eiga að geta unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á. Þeir eiga að vinna í samstarfi við aðra og taka leiðsögn á jákvæðan hátt.

Hæfniviðmið

Nemendur eiga að:

- þekkja helstu íslensku húsdýrin,
- þekkja nokkra af þeim fuglum sem lifa í umhverfi skólans,
- læra að bera virðingu fyrir náttúrunni,
- þekkja helstu árstíðir og áhrif þeirra á gróður, skordýr og umhverfi,
- læra um veðrið og sólina,
- læra um gerð líkamans, starfsemi hans og þarfir,
- öðlast þekkingu á sínu nánasta umhverfi, kynnist heimabyggð sinni og sögu hennar ,
- læra helstu umferðarreglur og umferðarmerki,
- læra að þekkja íslenska fánann,
- læra almennar samskiptareglur,
- læra að vinna saman í hópum,
- fara út í vettvangsferðir og þjálfist í að vinna margskonar verkefni utandyra.

Kennsluhættir

Unnið verður með margskonar efni, bækur fræðslumyndir og kennsluvefi

Námsmat

Námsmat í formi sí mats þar sem kennari fylgist stöðugt með framförum og stöðu nemanda. Námsmatsaðferðir eru verklegar, munnlegar og skriflegar.